

# Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Reykhólahrepps

## I. kafli Inngangur

### 1. gr. Um starfskjör

Samþykkt þessi byggir á Samþykktum um stjórn og fundarsköp Reykhólahrepps 685/2013 með síðari breytingu 941/2014 og ákvörðun sveitarstjórnar, sem samþykktar voru á fundi 13. janúar 2011, breytingum sem samþykktar voru 12. febrúar 2015 og breytingum sem voru samþykktar 11. janúar 2023. Samþykktin fjallar um þóknun fyrir störf sveitarstjórnarmanna og nær einnig til starfa þeirra fulltrúa sem skipaðir eru af sveitarstjórn í stjórnir, ráð og nefndir á vegum sveitarfélagsins.

### 2. gr. Markmið

Markmið með ákvörðun um kjör fulltrúa eru:

- að fulltrúar fái sanngjörn laun fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins.
- að fulltrúar sveitarfélagsins njóti kjara sem eru sambærileg við það sem gerist á hinum almenna vinnumarkaði, sambærilegum sveitarfélögum og ríkinu.
- Að kjör fulltrúa séu gagnsæ og endurspegli störf þeirra og ábyrgð.

### 3. gr. Skilgreiningar

Sveitarstjórnarfulltrúar eru fimm og kjörnir í almennum sveitarstjórnarkosningum. Nefndum sveitarfélagsins er skipt niður í eftirfarandi flokka:

- Sveitarstjórn.
- Fastanefndir.
- Aðrar nefndir, stjórnir og ráð.
- Sérskipaðar nefndir sveitarstjórnar og fundasetur sem falla ekki undir liði A-C.

Almenn skilgreining á fundi er sú, að til hans sé boðað með dagskrá og um hann sé rituð fundargerð.

## II. kafli Um starfskjör sveitarstjórnarfulltrúa.

### 4. gr. Grunnlaun sveitarstjórnarfulltrúa

Sveitarstjórnarfulltrúar þiggja föst laun fyrir störf sín fyrir sveitarfélagið sem nemur 5% af þingfararkaupi, eins og það er hverju sinni. Þessar greiðslur ná til vinnu vegna sveitarstjórnarmála almennt. Oddviti fær laun sem nemur 10% af þingfararkaupi.

### 5. gr. Fundarseta

Sveitarstjórnarfulltrúar fá greitt sem nemur 1% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn sveitarstjórnarfund. Oddviti fær greitt sem nemur 2% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn sveitarstjórnarfund. Varamenn sem taka sæti aðalmanns í sveitarstjórn fá greitt sem nemur 3% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund.

## **6. gr.**

### **Starfsaðstaða sveitarstjórnarfulltrúa**

Sveitarstjórnarfulltrúar fá sameiginlega skrifstofuaðstöðu á skrifstofu sveitarfélagsins með aðgangi að tölvu, síma og prentun. Skrifstofan annast skrifstofubjónustu fyrir sveitarstjórnarfulltrúa, svo sem gagnaöflun, símavörslu, ritvinnslu og undirbúning funda.

## **7. gr.**

### **Laun í orlofi**

Sveitarstjórnarfulltrúar skulu fá greidd laun meðan á sumarleyfi sveitarstjórnar stendur.

## **8. gr.**

### **Lífeyrisréttindi og tryggingar**

Reykholahreppur heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð af launum sveitarstjórnarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Greitt er iðgjald í lífeyrissjóð og er móttframlag sveitarfélagsins 11,5%. Sveitarstjórnarfulltrúar eru tryggðir gegn slysum í starfi skv. heildartryggingarsamningi sveitarfélagsins.

## **9. gr.**

### **Laun í veikinda- og slysaforföllum**

Sé sveitarstjórnarfulltrúi forfallaður frá störfum vegna slyss eða veikinda heldur hann launum í allt að 6 mánuði. Greiðslur skv. 1. mgr. falla niður við lok kjörtímabils eða þegar sveitarstjórnarfulltrúi lætur af störfum af öðrum ástæðum.

## **III. kafli**

### **Þóknun fyrir nefndarstörf**

## **10. gr.**

### **Þóknun fyrir setu í fastanefndum skv. 3. gr. B**

Fyrir hvern setinn fund fá aðalmenn í fastanefndum greidda þóknun sem nemur 1% af þingfararkaupi og formenn nefnda 2%. Varamenn í fastanefndum fá greidda þóknun sem nemur 1% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund. Fastar nefndir sveitarfélagsins eru:

- Skipulags-, mannvirkja-, húsnæðis - og hafnarnefnd.
- Mennta- og menningarmálanefnd.
- Almanna- og brunamálanefnd.
- Umhverfis- og náttúruverndarnefnd.
- Stjórn Barmahlíðar.

Starfsfólk sveitarfélagsins fær ekki greidda sérstaka þóknun fyrir setu á nefndarfundum nema viðkomandi sitji fundi sem kjörinn fulltrúi.

## **11. gr.**

### **Þóknun vegna starfa í sérstökum nefndum er vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum og vegna sérstakra funda, skv. 3. gr. C**

Fyrir störf í sérstökum nefndum sem sveitarfélagið skipar til tímabundinna starfa fá fulltrúar greitt sem nemur 1% af þingfararkaupi fyrir hvern fund, en formenn þeirra fá greitt 2%.

## **12. gr.**

### **Þóknun vegna funda og ráðstefna utan sveitarfélags, skv. 3. gr. D**

Þóknun til kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins á ráðstefnum og fundum utan sveitarfélags, sem sveitarstjórn ákveður að taka þátt í, skal vera sem hér segir: Fyrir hvern dag að meðtöldum ferðatíma skal greiða 3% af þingfararkaupi. Ferðatími skal talinn með.

### 13. gr.

**Póknun fyrir setu í nefndum, ráðum og stjórnunum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga, skv. 3. gr. D**  
Póknun fyrir setu í nefndum og stjórnunum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga er greidd af viðkomandi samtökum, nema um annað sé samið sérstaklega. 14. gr. Laun kjörstjórnar Fyrir setu í kjörstjórn er greitt skv. tímagjaldi fyrir unnar klukkustundir og skal miðað við kjarasamning Launanefndar sveitarfélaga, lfl. 125. Kjörstjórn fær greitt fyrir undirbúning, vinnu á kjördag og frágang að kosningum loknum.

### IV. kafli

#### Önnur ákvæði

### 15. gr.

#### Álag vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga

Leitast skal við að nefndir, ráð og stjórnir fundi ekki á fríðögum og stórhátíðardögum. Í undantekningartilfellum getur komið fyrir að nefnd, ráð eða stjórn neyðist til að halda fund á sérstökum frídegi og skal þá greiðast álag skv. eftirfarandi: Sérstakir frídagar: 33% álag á laun fyrir setinn fund. Stórhátíðardagar: 45% álag á laun fyrir setinn fund.

### 16. gr.

#### Um námskeið og þekkingarsókn

Æskilegt er að kjörnir fulltrúar sækji símenntun og endurmenntun er tengist störfum þeirra fyrir sveitarfélagið. Leita þarf samþykkis sveitarstjórnar vegna kostnaðar sveitarfélagsins sem hlýst af námskeiðssókn kjörinna fulltrúa, falli kostnaður utan fjárhagsáætlunar. Sækja skal um til sveitarstjórnar með góðum fyrirvara og samþykki liggja fyrir áður en til útgjaldanna er stofnað.

### 17. gr.

#### Um orlof

Orlof er ekki greitt á laun fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnunum sveitarfélagsins.

### 18. gr.

#### Um ferðir og gistingu

Akstur vegna starfa í þágu sveitarfélagsins er einungis greiddur eftir akstursdagbók eða reikningi. Fulltrúar fá greiddan akstur til og frá fundarstað umfram hverja 30 ekna km í hverjum mánuði og miðast greiðslur per. ekinn km af ákvörðun ríkisskattstjóra um aksturskostnað. Ætíð skal leitast við að ferðast á sem hagkvæmasta hátt, t.d. nýta ökutæki sveitarfélagsins eða samnýta ferðakosti ef mögulegt er. Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum í þeim tilfellum sem sveitarfélagið sér fulltrúa ekki fyrir fæði og gistingu. Greitt er eftir ákvörðun ríkisskattstjóra um ferðakostnað á hverjum tíma. Um ferðir erlendis gildir hið sama en fulltrúar skulu fá samþykki sveitarstjórnar fyrir öllum slíkum ferðum og útgjöldum fyrirfram.

### 19. gr.

#### Tilfallandi tímavinna

Í undantekningartilfellum getur komið til þess að fulltrúi sveitarfélagsins þurfi að takast á hendur aukin verkefni út yfir venjubundna vinnu í kringum fundi. Í þeim tilvikum skal þóknun til hans ákveðin af sveitarstjórn.

### 20. gr.

#### Kjörnir fulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins

Kjörnir fulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn Reykhólahrepps halda launum sínum á meðan þeir sitja nefndafundi á vegum sveitarfélagsins eða mæta sem fulltrúar sveitarfélagsins út á við, starfsmenn í samráði við sinn yfirmann vinni af sér tapaðar vinnustundir.

**V. kafli**  
**Gildistaka**

**21. gr.**  
**Gildistaka og endurskoðun**

Samþykkt þessi gildir frá 11. janúar 2023 og falla um leið úr gildi eldri reglur um kaup og kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum sveitarfélagsins. Samþykktir þessar skal endurskoða af sveitarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps, 11. janúar 2023.*